



Raunvísindastofnun Háskólans

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

September 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Viðbrögð við athugasemdum og ábendingum	5
3.1	Viðbrögð stofnunar við ábendingum í endurskoðun 2016	5
3.2	Viðbrögð stofnunar við athugasemdum fyrri ára	5
4	Fjárheimildir og rekstur	6
4.1	Fjárheimildir	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur	7
5.2	Eftirlitsumhverfi	7
5.3	Tekjur	7
5.4	Bókhalds- og launavinnsla.....	8
5.5	Niðurstaða.....	8
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Lög og reglugerðir	9
6.1.1	Ferðakostnaður.....	9
6.1.2	Risna.....	9
6.1.3	Opinber innkaup	9
6.1.4	Innkaupakort.....	9
6.1.5	Láns- og reikningsviðskipti	9
6.1.6	Styrkir.....	10
6.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	10
6.2	Niðurstaða.....	10
7	Endurskoðun efnahagsliða	11
7.1	Eignir	11
7.1.1	Ríkissjóður.....	11
7.1.2	Viðskiptakröfur	11
7.1.3	Vörslufé.....	11
7.1.4	Handbært fé.....	12
7.1.5	Eignir í félögum - hlutafé.....	12
7.1.6	Eignir	12
7.2	Eigið fé og skuldir	13
7.2.1	Höfuðstóll	13
7.2.2	Langtímaskuldir.....	13
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	13
7.2.4	Vörslufé.....	13
7.3	Niðurstaða.....	13
8	Önnur atriði	14
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	14
8.2	Lögfræðibréf	14
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	14
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	14

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Raunvísindastofnunar Háskólans, fjárlagaliðar 02-203, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Ársreikningar Raunvísindastofnunar Háskólans hafa verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2015 vegna ársins 2014.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun reikningsskila Raunvísindastofnunar Háskólans fyrir árið 2016 er lokið. Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir eru gerðar vegna endurskoðunar ársins 2016:

- Eðlilegt er að settar verði nánari reglur með hvaða hætti stjórn Raunvísindastofnunar kemur að fjármálastjórnun stofnunarinnar m.a. að gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni með henni og skipulagi á innra eftirliti. Setja þarf erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra.
- Eftirfylgni með verklagsreglunum þarf að bæta m.a. vegna innheimtu tekna. Mikilvægt er að allir tekjuferlar séu skilgreindir og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að tekjur skili sér inn í bókhald stofnunarinnar.
- Skrá þarf alla eignarhluti Raunvísindastofnunar Háskólans í félögum í efnahagsreikning stofnunarinnar, þar á meðal skráðan eignarhlut stofnunarinnar í Internet á Íslandi hf. (ISNIC).
- Leiðrétta þarf skráningu fasteignar sem Raunvísindastofnun hefur yfir að ráða að Helluhrauni 1 við Mývatn en fasteignin er skráð á kennitölu Norrænu eldfjallastöðvarinnar sem sameinaðist Raunvísindastofnun árið 2004.
- Loka þarf kennitölu Norrænu eldfjallastöðvarinnar hjá Þjóðskrá Íslands en starfsemi hennar sameinaðist starfsemi Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar á árinu 2004.

Eftirfarandi ábendingar og athugasemdir eru ítrekaðar:

- Skriflegar lýsingar á innra eftirliti og skráðar verklagsreglur um starfsemina eru ekki fyrir hendi. Ítrekað er mikilvægi þess að stofnunin skjalfesti innra eftirlit og verklagsreglur um ýmsa þætti starfseminnar.
- Fara þarf yfir og gera viðeigandi ráðstafanir vegna einstakra viðskiptakrafna. Sérstaklega er bent á uppgjör og frágang ferðakostnaðar. Í einhverjum tilvikum er um að ræða óuppperðan kostnað vegna ferða frá fyrri árum.
- Óvirka vörslureikninga þarf að yfirfara og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra en töluvert er um reikninga sem ekkert hafa hreyfst á undanförunum árum.

3 Viðbrögð við athugasemdum og ábendingum

3.1 Viðbrögð stofnunar við ábendingum í endurskoðun 2016

Raunvísindastofnun Háskólans mun bregðast við ábendingum og athugasemdum frá Ríkisendurskoðun vegna endurskoðunar ársins 2016 og áætla að ljúka þeirri vinnu fyrir lok ársins 2017.

- Nýtt stjórnskipulag Raunvísindastofnunar Háskólans ásamt hugmynd að samþættingu við stoðþjónustu verkfræði- og náttúruvísindasviðs, sem unnið hefur verið að vorið 2017, verður kynnt í haust. Nýtt skipurit stofnunarinnar verður lagt fram í tillögum þessum. Endurrita þarf reglur um Raunvísindastofnun Háskólans í þessu skyni og leggja fyrir Háskólaráð.
- Áætlað er að vinnu við skjalfestingu verklagsreglna um innheimtu tekna ljúki fyrir næstu áramót. Nýafstaðin innleiðing á viðskiptamannakerfi og sölukerfi Orra mun hjálpa til við að ná fram þeim markmiðum, auk þess sem innra eftirlit með innheimtu tekna mun aukast.
- Skráning á eignarhaldi í félögum, leiðréttingu á eigendaskráningu fasteignarinnar að Helluhrauni 1 við Mývatn og lokun kennitölu Norrænu eldfjallastöðvarinnar verður að vinna í samvinnu við lögfræðing og fjármálastjóra Háskóla Íslands, sem á sínum tíma var aðili máls við flutning á starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Það ferli er hafið.

Raunvísindastofnun Háskólans mun einnig bregðast við ítrekuðum ábendingum og athugasemdum frá Ríkisendurskoðun við endurskoðun nú og áætla að ljúka þeirri vinnu á árunum 2017-2018.

3.2 Viðbrögð stofnunar við athugasemdum fyrri ára

Við endurskoðun ársins 2016 kom í ljós að bætt hefur verið úr eftirfarandi athugasemdum og ábendingum í endurskoðunarbréfi 2015 vegna ársins 2014:

- Bankainnstæður í erlendri mynt voru færðar upp á kaupgengi Seðlabanka Íslands um síðustu áramót.
- Bætt hefur verið úr áritun vegna launagreiðslna. Laun eru afgreidd í gegnum launadeild Háskóla Íslands og gaf niðurstaða launaskoðunar nú ekki tilefni til athugasemda.
- Bætt hefur verið úr frágangi vegna risnureikninga. Forstöðumaður samþykkir alla risnureikninga og fram kemur á reikningunum tilefni risnu og hverjir nutu risunnar. Úrtaksskoðun risnureikninga vegna ársins 2016 gaf ekki tilefni til frekari athugasemda.

Þær athugasemdir og ábendingar sem ekki hefur verið brugðist við af hálfu Raunvísindastofnunar eru ítrekaðar í þessari endurskoðunarskýrslu, sjá nánar umfjöllun í niðurstöðu hér að framan og í skýrslunni sjálfri.

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 442,6 m.kr. Til viðbótar fékk stofnunin millifærðar 0,3 m.kr. af fjárlagalið 09-973 vegna tjóns á tækjum og var endanleg fjárheimild ársins því 442,9 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 419,8 m.kr. og varð því 23,0 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 eða 5,2% innan fjárheimilda ársins samanborið við 34,4 m.kr. tekjuhalla árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt samanburði við rekstur fyrra árs.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik	Rekstur
	2016	2016	2016	2016	2015
Sértekjur	-912.200	-912.200	-962.826	50.626	-884.286
Launagjöld	877.000	877.000	847.775	29.225	768.999
Önnur rekstrargjöld	379.500	379.750	388.684	-8.934	431.920
Eignakaup	93.500	93.500	66.863	26.637	98.036
Tilfærslur	4.800	4.800	79.317	-74.517	77.316
Samtals	442.600	442.850	419.814	23.036	491.985

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Raunvísindastofnunar Háskólans er skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá henni innan ársins. Það er þó hvorki gert með skipulegum né formlegum hætti. Ríkisendurskoðun leggur til að slík frávikagreining verði gerð og tekin til umfjöllunar á fundum stjórnar Raunvísindastofnunar en stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar, sbr. reglur nr. 685/2011 um Raunvísindastofnun Háskólans.

4.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur Raunvísindastofnunar Háskólans árið 2016 nam 23,0 m.kr. og uppsöfnuð rekstrarniðurstaða var jákvæð um 75,5 m.kr. í árslok 2016. Rekstraráætlun er skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá henni innan ársins.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar Háskólans ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

5.2 Eftirlitsumhverfi

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ýmsir verkferlar, sem stuðla að innra eftirliti bókhalds, fjármála og tölvumála eru fyrir hendi. Raunvísindastofnun Háskólans var í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins á árinu 2016 og bókhaldið er fært í fjárhagskerfi ríkisins. Skipurit er til staðar hjá stofnuninni. Framkvæmdastjóri áritar alla reikninga ásamt verkefnastjóra þegar það á við. Laun eru afgreidd með milligöngu launadeildar Háskóla Íslands.

Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemd við að ekki séu til skriflegar lýsingar á innra eftirliti og skráðar verklagsreglur um starfsemina. Er sú athugasemd ítrekuð hér en mikilvægt er að stofnunin skjalfesti innra eftirlit og verklagsreglur um ýmsa þætti starfseminnar, ekki síst í ljósi þess að um síðustu áramót hætti stofnunin í bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslunnar. Ríkisendurskoðun bendir einnig á að eðlilegt er að taka til frekari skoðunar og setja nánari reglur um með hvaða hætti stjórn Raunvísindastofnunar kemur að fjármálastjórn stofnunarinnar, m.a. að gerð og eftirfylgni rekstraráætlunar og skipulagi innra eftirlits. Samkvæmt reglum nr. 685/2011 um Raunvísindastofnun Háskólans ber stjórnin ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Þá þarf jafnframt að setja erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra stofnunarinnar eins og ofangreindar reglur kveða á um.

5.3 Tekjur

Tekjureikningar eru gerðir á forprentuð og númeruð reikningseyðublöð en í ársbyrjun 2017 var viðskiptakröfuhluti fjárhagskerfis ríkisins (AR) tekinn í notkun vegna tekjuinnheimtu sem er til bóta.

Meirihluti tekna er vegna styrkja og framlaga og er reglum Fjársýslu ríkisins um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum í A-hluta fylgt. Aðrar tekjur eru af ýmsu tagi og má þar helst nefna tekjur vegna innri viðskipta, samninga sem gerðir eru um útselda þjónustu auk leigutekna.

Ekki eru til skriflegar verklagsreglur varðandi útgáfu tekjureikninga en samkvæmt upplýsingum Raunvísindastofnunar er stuðst við verklagsreglur um skráningu og innheimtu reikninga hjá Háskóla Íslands. Bæta þarf eftirfylgni með verklagsreglunum m.a. vegna innheimtu teknanna

sem ekki er í nægjanlega góðum farvegi. Þá er mikilvægt að allir tekjuferlar séu skilgreindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að allar tekjur skili sér inn í bókhald stofnunarinnar. Benda má sérstaklega á leigutekjur í þessu sambandi en engar reglur eru fyrirbyggjandi um innheimtu tekna vegna leigu á íbúð á Víðimel, í Reykjavík og við Mývatn. Við skoðun leigutekna kom í ljós að skipulag innheimtu þarf að bæta.

Hluti tekna er vegna innri viðskipta en í því felst að rannsóknarverkefni greiða fyrir notkun bifreiða, þjónustu verkstæðis eða rannsóknarstofa. Bent er á að slík innri viðskipti er rétt að færa á sérstaka bókunarvidd í fjárhagskerfinu þannig að innbyrðis tekjur og gjöld jafnist út í árisreikningi viðkomandi stofnunar.

5.4 Bókhalds- og launavinnsla

Fjárhagskerfi ríkisins er notað fyrir bókhalds- og launavinnslu. Í ársbyrjun 2017 var viðskiptakröfuhluti kerfisins tekinn í notkun vegna útgáfu reikninga.

Á árinu 2016 var stofnunin í bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins en frá og með ársbyrjun 2017 annast stofnunin sjálf færslu bókhalds og greiðslu reikninga.

Launavinnsla er í föstum skorðum. Laun eru afgreidd með milligöngu launadeildar Háskóla Íslands og eru öll gögn vegna afgreiðslunnar varðveitt með skipulegum hætti þar. Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og varðveittir í starfsmannamöppum. Gögn um greiðslur samkvæmt vinnumatskerfi Háskóla Íslands eru unnin af vísindasviði Háskóla Íslands.

Ráðningarsaga var til staðar fyrir það úrtak starfsmanna sem skoðað var og gögn um tilfallandi greiðslur voru til staðar. Eignaskrá er til staðar. Fara þarf yfir eignaskrá og tryggja að allar eignir séu skráðar í eignaskrána. Eignir sem mótteknar eru sem gjafir af hálfu Raunvísindastofnunar þarf einnig að skrá í eignaskrá.

5.5 Niðurstaða

Ýmsir verkferlar stuðla að innra eftirliti með starfsemi Raunvísindastofnunar en þó eru örfá atriði sem mikilvægt er að tekin verði til skoðunar. Lögð er áhersla á að skriflegar lýsingar á innra eftirliti og helstu verklagsreglum verði skjalfestar. Skoða þarf og setja nánari reglur um með hvaða hætti stjórn Raunvísindastofnunar kemur að rekstri stofnunarinnar. Setja þarf erindisbréf fyrir framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Mikilvægt er að allir tekjuferlar séu skilgreindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að allar tekjur skili sér inn í bókhald stofnunarinnar.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Lög og reglugerðir

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt að mestu leyti. Ferðareikningum er skilað á eyðublað sem Fjárýsla ríkisins hefur látið gera. Ítrekuð er fyrri athugasemd um uppgjör og frágang ferðakostnaðar en samkvæmt reglum sem í gildi eru um greiðslu ferðakostnaðar skal gera ferð upp innan 30 daga frá því ferð var farin. Nokkuð er um óuppgerðan ferðakostnað í bókhaldi Raunvísindastofnunar og í einhverjum tilvikum er um að ræða kostnað frá fyrri árum.

Óskað var eftir skýringum á 2,6 m.kr. færslu sem bókuð var á annan ferðakostnað vegna sumarskóla Raunvísindastofnunar Háskólans (Nordwulk Summer School). Í framhaldi af skýringum stofnunarinnar var farið yfir ábendingar Ríkisendurskoðunar varðandi þennan lið á fundi með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra fjármála Raunvísindastofnunar.

6.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Risnureikningar í úrtaki voru samþykktir af forstöðumanni og upplýsingar um tilefni risnu og hverjir nutu risunnar var skráð á reikninga eða í fylgigögn með reikningum.

6.1.3 Opinber innkaup

Ekki eru til skráðar verklagsreglur um innkaup hjá Raunvísindastofnun en innkaupastefna Háskóla Íslands er höfð til hliðsjónar og reglur Ríkiskaupa vegna viðmiðunarfjárhæða og tilboðsfresta. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar eru ákveðnir rammamningar Ríkiskaupa nýttir m.a. vegna bifreiðatrygginga, leigubílaaksturs og bílaleigubíla.

6.1.4 Innkaupakort

Raunvísindastofnun nýtir innkaupakort og eru nokkrir starfsmenn með slíkt kort. Kortið er einkum notað til að greiða fyrir erlenda reikninga og ferðakostnað.

6.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu. Greitt er af langtímaláni hjá Íbúðalánasjóði vegna fasteignar sem stofnunin hefur yfir að ráða í Mývatnssveit. Í árslok 2016 voru eftirstöðvar lánsins 3,4 m.kr. Fasteignin er skráð á Norrænu eldfjallastöðina sem sameinaðist Raunvísindastofnun Háskólans á árinu 2004.

6.1.6 Styrkir

Móttæknir styrkir eru færðir í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum í A-hluta. Nokkuð skortir þó á að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar þegar að verkefnum vegna styrkja lýkur en nokkuð er um að engar hreyfingar hafi verið á bankareikningum ef frá eru taldar hreyfingar vegna vaxta og gengismunar, sjá kafla 7.1.3

Styrkir sem greiddir eru af Raunvísindastofnun eru aðallega vegna nema og eru í samræmi við reglur um verkefnabundnar ráðningar og ráðningu nema í framhaldsnám sem samþykktar voru af stjórn Raunvísindastofnunar árið 2000.

6.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

6.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við ákveðna þætti í rekstri Raunvísindastofnunar sem snúa að fylgni við lög og reglur. Um er að ræða uppgjör og frágang ferðakostnaðar auk greiðslu ferðakostnaðar vegna sumarskóla og uppgjör vegna styrkja þegar verkefnum er lokið. Vísað er til frekari umfjöllunar um einstaka þætti í kaflanum hér að framan og í niðurstöður í kafla 1.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 1.079,3 m.kr., skuldir námu 980,8 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 98,5 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	82.154	54.866	27.287
Viðskiptakröfur	100.621	77.349	23.272
Vörslufé	896.268	717.249	179.019
Handbært fé	231	5.598	-5.367
Eignir alls	1.079.273	855.062	224.212
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	98.509	75.473	23.036
Langtímaskuldir	3.430	3.530	-100
Viðskiptaskuldir	81.067	58.810	22.257
Vörslufé	896.268	717.249	179.019
Eigið fé og skuldir alls	1.079.273	855.062	224.212

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá Ríkissjóði nam 82,2 m.kr. í árslok 2016 og hafði hækkað um 27,3 m.kr. frá fyrra ári.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 100,6 m.kr. í árslok 2016 sem er hækking um 23,3 m.kr. frá fyrra ári. Að stærstu leyti er um að ræða kröfur á hendur opinberum stofnunum og fyrirtækjum eða um 82,2 m.kr. í árslok 2016. Viðskiptareikningur vegna ferðakostnaðar nam um 10,2 m.kr. í árslok 2016.

Endurskoðun var fólgin í yfirferð á stöðu viðskiptamanna í árslok 2016. Listi yfir viðskiptakröfur var skoðaður og yfirfarinn. Í ljós kom að töluvert er um eldri kröfur sem ekki hefur tekist að innheimta og nokkuð er um óuppgerðar stöður á viðskiptareikningi vegna ferðakostnaðar. Ítrekuð er fyrri athugasemd Ríkisendurskoðunar um að fara þarf yfir og gera viðeigandi ráðstafanir vegna einstakra krafna.

7.1.3 Vörslufé

Vörslufé nam 896,3 m.kr. í árslok 2016 samanborið við 717,2 m.kr. í árslok 2015. Um er að ræða 80 innlenda bankareikninga með stöðum í erlendri og innlendri mynt.

Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu banka á vörslureikningum sem skráðir eru á kennitölu Raunvísindastofnunar Háskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar í árslok 2016. Staða á bankareikningum var í samræmi við það sem fram kom í bókhaldi Raunvísindastofnunar. Tveir bankareikningar voru hjá Landsbankanum á kennitölu Norrænu

eldfjallastöðvarinnar án inneignar. Þessir reikningar eru ekki skráðir í bókhald Raunvísindastofnunar og er mælt til að viðeigandi ráðstafanir vegna þessara reikninga verði gerðar og þeim lokað. Þá telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að á sama tíma verði farið yfir hvort prókúrir á einstökum bankareikningum séu réttar.

Raunvísindastofnun hefur yfir að ráða umtalsverðum fjölda vörslureikninga en um er að ræða 80 bankareikninga í Landsbankanum og Arion banka. Við frekari skoðun á þessum reikningum kom í ljós að lítil hreyfing hefur verið á stórum hluta þessara reikninga, ef frá eru taldar hreyfingar vegna vaxtatekna og fjármagnstekjuskatts, sjá meðfylgjandi töflu.

í m.. kr.	Fjöldi vörslu- reikninga	Staða 31.12 2016
Vörslureikningar með hreyfingum	24	765,0
Vörslureikningar án hreyfinga (aðrar en fjármunatekjur)	56	131,3
	80	896,3

Eins og sjá má eru 56 vörslureikningar sem ekki hafa verið notaðir á síðustu þremur árum og var staða þeirra samtals 131,3 m.kr. í árslok 2016 en í mörgum tilvikum er um lágar fjárhæðir að ræða. Ítrekuð er fyrri ábending Ríkisendurskoðunar um að stofnunin yfirfari óvirka vörslureikninga og geri viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra.

7.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 231 þús. kr. í árslok 2016 en um er að ræða innstæður á tveimur bankareikningum í Landsbankanum.

Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu viðskiptabanka á bankainnstæðum og var niðurstaðan sú að staða á bankareikningum var í samræmi við stöðu í bókhaldi Raunvísindastofnunar.

7.1.5 Eignir í félögum - hlutafé

Skráðir eignarhlutar Raunvísindastofnunar Háskólans þurfa að koma fram í efnahagsreikningi stofnunarinnar þar á meðal skráður eignarhlutur Raunvísindastofnunar Háskólans í Internet á Íslandi hf. (ISNIC). Eignarhluturinn, sem nemur 1,13%, er ekki skráður í efnahagsreikningi Raunvísindastofnunar og er óskað eftir að úr því verði bætt. Hlutafé Internets á Íslandi hf. nam um 19,5 m.kr. og eigið fé félagsins nam 177,7 m.kr. í árslok 2016. Á árinu 2016 nam arðgreiðsla til hluthafa félagsins vegna rekstrar ársins 2015 95,0 m.kr. og var hlutur Raunvísindastofnunar í arðgreiðslunni, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, kr. 884.557, færður til tekna í bókhaldi stofnunarinnar á árinu 2016.

7.1.6 Eignir

Raunvísindastofnun hefur til eignar og umráða íbúðarhúsnæði við Mývatn, Helluhrauni 1. Fasteignin er skráð á kennitölu Norrænu eldfjallastöðvarinnar sem sameinaðist Raunvísindastofnun Háskólans á árinu 2004. Raunvísindastofnun greiðir skatta og skyldur af húsnæðinu, þ.m.t. af húsnæðisláni sem er með veði í umræddri fasteign. Stofnuninni er bent á að leiðrétta skráningu fasteignarinnar á rétta kennitölu.

Raunvísindastofnun hefur jafnframt íbúð til umráða á Víðimel 34, Reykjavík. Íbúðin er skráð sem eign hjá Ríkissjóði Íslands en Raunvísindastofnun er skráð sem umráðandi á íbúðinni og greiðir skatta og skyldur af íbúðinni samkvæmt því. Íbúðin hefur samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni verið leigð til skemmri tíma í senn til erlendra fræðimanna og nema sem hingað koma vegna verkefna tengdum Raunvísindastofnun.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 98,5 m.kr. í árslok 2016. Staða höfuðstóls hækkaði um 23,0 m.kr. frá fyrra ári eða sem nam tekjuafgangi ársins.

7.2.2 Langtímaskuldir

Um er að ræða tvö lán frá Íbúðalánasjóði vegna Helluhrauns 1. Lánin eru í skilum. Uppreiknuð staða á lánunum tveimur nam 3,4 m.kr. í árslok 2016 sem er lækkun um 0,1 m.kr. milli ára. Áfallnir vextir af lánunum, 28.009 kr. eru færðir til gjalda í rekstrarreikningi 2016 og meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi 31.12 2016.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 81,0 m.kr. í árslok 2016 og lækkuðu um 22,3 m.kr. frá fyra ári. Þar af voru 58,9 m.kr. reikningar í viðskiptaskuldakerfi fjárhagskerfisins (AP) til greiðslu í byrjun árs 2017. Ógreidd gjöld utan AP kerfis námu 7,8 m.kr. í árslok 2016 og voru gerð upp í byrjun næsta árs.

Endurskoðun var fólgin í yfirferð á stöðu viðskiptaskulda í árslok 2016. Mismunur var á stöðu viðskiptaskulda í AP og fjárhagsbókhalds í lok árs 2016 upp á kr. 650. Um er að ræða eldri mismun sem er tilkominn vegna kerfisvillu. Gera þarf leiðréttingu vegna þessa mismunar.

7.2.4 Vörslufé

Vörslufé nam 896,3 m.kr. í árslok 2016, sjá nánar umfjöllun um vörslufé í kafla 6.1.3

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við nokkur atriði sem varða efnahagsreikning Raunvísindastofnunar. Ítrekaðar eru fyrri athugasemdir Ríkisendurskoðunar um að fara þarf yfir allar viðskiptakröfur stofnunar og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem við á og einnig þarf að fara yfir óvirka vörslureikninga. Skrá þarf alla eignarhluta Raunvísindastofnunar í félögum, þar á meðal eignarhluta Raunvísindastofnunar í Internet á Islandi hf. (ISNIC). Jafnframt er gerð athugasemd við að fasteign sem stofnunin hefur yfir að ráða að Helluhrauni 1 við Mývatn er ekki skráð í bókhaldi stofnunarinnar. Gera þarf leiðréttingu á kennitölu fasteignarinnar en hún er skráð á Norrænu eldfjallastöðina sem sameinaðist Raunvísindastofnun árið 2004. Loka þarf kennitölu Norrænu eldfjallastöðvarinnar hjá Þjóðskrá Íslands ef engin starfsemi er fyrir hendi.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Raunvísindastofnunar 21. apríl 2017.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi stofnunarinnar og samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra, m.a. í því sem fram kom í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérsaklega eftir lögfræðibréfi.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðanda sem sáu um endurskoðun hjá Raunvísindastofnun Háskólans voru undirritaðar.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Raunvísindastofnun Háskólans var undirrituð af ríkisendurskoðanda og framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar Háskólans.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Raunvísindastofnunar Háskólans.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is